

“Enginn slitur þau bönd, sem hann er bundinn heimahögum sínum. Móðir þín fylgir þér á götu, er þú leggur af stað út í heiminn, en þorpið fer með þér alla leið.”

Þessi orð úr kvæði íslenska skáldsins Jóns úr Vör standa mér ætíð nærri hugskotssjónum. Eftir því sem ég kemst til meiri þroska finnst mér þau lýsa æ betur þeirri tilfinningu sem bærast í huga mér. Þau geta átt við það einfaldlega þegar menn hleypa heimdraganum; fara að heiman, eða flytja búferlum. Þetta eru örugglega hughrif margra sem flytja sig á milli landshluta á Íslandi og ekki síst þeirra sem flytja á milli landa.

Ísland var um aldir einangruð eyja. Þangað fluttu fáir og þaðan fluttu fáir. Á þessu varð mikil breyting á síðari hluta nítjándu aldar þegar fólk flutti í miklum mæli vestur um haf. Ástæðurnar voru fjölmargar. Eldgos í Öskju árið 1875, harðindakafli gekk í garð eftir blíðviðrisár, en meginástæða vesturferðanna liggur þó í því að þjóðinni fjölgaði mjög á 19. öld án þess að atvinnulífið efldist að sama skapi. Framleiðsluhættir landbúnaðarins gátu ekki brauðfætt það fólk sem fyllti sveitirnar og því voru aðeins þrír kostir í boði: efling atvinnulífsins, brottflutningur úr landi eða hungur og mannfellir. Um 16 þúsund manns fluttu frá Íslandi og vestur um haf á árunum 1870 til 1914, sem er umtalsvert í ljósi þess að á landinu bjuggu um 70 þúsund manns í upphafi tímabilsins.

Í dag lifum við í allt annars konar veröld. Alþjóðavæðing, bætt lífskjör almennt, auðveldari ferðamáti, aukin almenn menntun sem nýtist óháð landamærum, fjarskiptatækni og annað þess háttar hefur opnað nýja möguleika fyrir fólk auk þess sem víða, svo sem í Evrópu, hafa verið stigin risaskref til þess að afnema landamærahindranir. Allt þetta hefur gert það að verkum að fólk skiptir um búsetu langt umfram það sem áður þekktist. Þetta er auðvitað jákvætt. Þessi nýi veruleiki opnar tækifæri en um leið skapar hann nýjar áskoranir, sem sumar eru alls ekki auðveldar viðureignar, eins og við höfum séð síðustu mánuðina.

Ég heimsótti Kanada og meðal annars Manitoba árið 2008 en þá var ég sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þetta var ógleymanlegur tími fyrir mig og konu mína sem var með mér í för. Alls staðar var okkur vel tekið; raunar tekið opnum örmum. Margt vakti athygli mína, en eitt vil ég sérstaklega nefna. Hvarvetna sem ég kom hitti ég fyrir góða Kanadamenn sem unnu landi sínu,

en hinar íslensku rætur leyndu sér þó ekki. Konurnar uppi í Gimli sem hittust til þess að tala saman á íslensku, ungi maðurinn sem fór til Íslands til náms til þess að næra uppruna sinn, gamli maðurinn sem aldrei hafði komið til Íslands, en talaði íslensku og sagði heim þegar hann vék að Íslandi. Þetta snart mig djúpt.

Mér hefur oft verið hugsað til þessa þegar ég hugleiði stöðu fólks sem flytur nú á milli landa af ýmsum ástæðum. Fátt er eðlilegra í nútímanum en einmitt þetta. Að fólk setji sig niður utan heimalands síns, aðlagist umhverfi sínu, viðurkenni menningu, lög og reglur, siði og hefðir hins nýja heimalands, en varðveiti um leið uppruna sinn. Rétt eins og skáldið Jón úr Vör segir í kvæðinu sem ég vitnaði til í upphafi. Maður slítur ekki böndin sem maður er bundinn heimahögunum; þorpið fer sem sagt með manni alla leið.

Síðustu ár hafa verið sviptingasöm á Íslandi. Við vorum einhver fyrstu fórnarlömb fjármálakreppunnar sem reið yfir hinn vestræna heim árið 2008. Á Íslandi urðu margir illa úti. Fjölmargir misstu vinnuna, líf skjörin versnuðu, ýmsir sáu sér þann kost vænstan að flytja búferlum til útlanda. Fjölskyldur misstu heimili sín, fyrirtæki urðu gjaldþrota, tekjur ríkisins skruppu saman á sama tíma og útgjöld vegna kreppunnar komu illa niður á ríkissjóði. Umheimurinn tapaði trausti á okkur. Útlitið var með öðrum orðum ákaflega dökkt.

En nú eru breyttir tímar. Efnahagsleg viðreisn Íslands vekur athygli víða um lönd og álfur. Nú er verðbólga lítil, atvinnuleysi hefur hér um bil horfið. Lífskjörin eru orðin betri en þau voru þegar best lét fyrir efnahagskreppuna og hafa í raun aldrei verið betri í sögu landsins. Skuldir heimila hafa lækkað mikið, afkoma fyrirtækja er almennt góð. Ríkissjóður er rekinn með afgangi, framlög til velferðarmála hafa hækkað, skattar lækkað og hreinar skuldir íslenska ríkisins eru að verða með því minnsta sem við höfum séð um marga áratugi og miklu lægri hlutfallslega en í flestum þeim ríkjum sem við berum okkur saman við. Ferðamenn flykkjast til landsins og verða á þessu ári fimm til sex sinnum fleiri en íbúarnir.

Engu að síður er útþráin sterk. Íslendingar flytja enn til útlanda, þó aðrir komi í staðinn, margir hverjir af öðru þjóðerni. Ísland er með öðrum orðum í raun að breytast hratt. Löngu er liðin sú tíð að landið sé lítil einangruð eyja. Til og frá landinu er flogið þegar best lætur allt að hundrað sinnum á dag og

algengt að það séu 90 til 95 flugferðir. Og frá Íslandi er flogið til fimm borga í Kanada, Toronto, Montreal, Vancouver, Edmonton og Halifax. Ísland er sem sagt í alfaraleið. Mitt í miðju alheimsins. Í þessari deiglu er smæðin á vissan hátt styrkleiki okkar og sérstaða. Sjálfstæði okkar færir okkur tækifæri, en bara vegna þess að við erum í nánú samstarfi við aðrar þjóðir, þar sem við erum jafnrétthá og berum höfuðið hátt. Eða eins og eitt fremsta skáld minnar kynslóðar, Einar Már Guðmundsson, orðar það svo snilldarlega í ljóðinu *Ræðupúlt örlaganna*:

*Ekki tala um
stórar þjóðir og litlar þjóðir,
útkjálka, heimshorn og jaðra.*

*Þetta er hnöttur; miðjan
hvílir undir fótum þínum
og færir úr stað og eltir
þig hvert sem þú ferð.*

Undanfarnir dagar hafa varpað æ skýrara ljósi á hin óplægðu tækifæri til samvinnu milli Íslands og Manitobafylkis, báðum til hagsbóta. Þetta á við hvort heldur er um að ræða menningarsamvinnu og stjórnmálaleg samskipti eða á sviði viðskipta, til dæmis í ferðaþjónustu. Hin einstöku bönd milli okkar greiða enn frekar leið fyrir auknum samskiptum og samvinnu, á grunni þeirra eru okkur allar leiðir færar. Það hefur því verið einstaklega hvetjandi að finna fyrir raunverulegum áhuga og vilja á aukinni samvinnu af beggja hálfu, eins og komið hefur fram á fundum mínum með fulltrúum stjórnvalda og borgaryfirvalda. Aðalræðismaður Íslands í Winnipeg gegnir lykilhlutverki í þessu samhengi

Kæru vinir!

Það er mér mikill heiður að vera boðið hingað ásamt konu minni á þjóðhátíðardegi Íslendinga 17. júní. Og segir það ekki í rauninni allt sem segja þarf um þetta einstaka samband okkar, að hér á miðjum sléttum Manitoba í

Kanada, í órafjarlægð frá Íslandi, skulum við halda upp á íslenska Þjóðhátíðardaginn með þeim hætti sem hér er gert. Það snertir okkur öll djúpt.

Þau traustu bönd sem hafa tengt okkur nú á aðra öld hafa ekki trosnað eða veikst. Á Íslandi tölum við um Íslendinga í Vesturheimi þegar við vísum til afkomenda þess fólks sem hingað flutti fyrir 100 til 150 árum. Mörg okkar, eins og ég sjálfur, eigum ljúfar minningar af heimsóknum frændfólks frá Kanada. Þetta voru aufúsugestir og á mínu heimili og skyldfólks míns var mikil tilhlökkun að hitta frændfólkið sem kom um svo langan veg til þess að hitta okkur. Þessi samskipti eigum við að styðja við og efla á alla lund. Og nú þegar ég stend í hópi ykkar, Íslendinga í Kanada og hef notið vináttu ykkar og gestrisni, vil ég segja um leið og ég færi þakkir frá okkur Sigrúnu konu minni: Verið velkomin til Íslands, þar eigið þið vinum og frændfólki að mæta.

Það segir okkur mikla sögu um stöðu Íslendinga í Kanada að hér við sjálft þinghúsið í Winnipeg skuli vera stytta af Jóni Sigurðssyni, með sama hætti og stytta hans er fyrir framan Alþingishúsið við Austurvöll í Reykjavík. Glaður í bragði, stoltur og með auðmýkt í hjarta, stend ég hér við stytta Jóns Sigurðssonar og flyt kveðjur Íslendinga, Alþingis og íslenskra stjórnvalda til ykkar, Íslendinga í Kanada. Gleðilega Þjóðhátíð!